



Ráðhús Reykjavíkur
forsætisnefnd
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um aukna viðveru hjúkrunarfræðings á skólatíma - R1903295

Á fundi velferðarráðs, þann 5. júní sl. var lögð fram tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða, dags. 29. mars 2019, sem lögð var fram á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019, ásamt umsögn sviðsstjóra, dags. 5. júní 2019, um aukna viðveru hjúkrunarfræðings á skólatíma.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi breytingartillögu:

Velferðarráð felur velferðarsviði að funda með forsvarsmönnum heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í samráði við skóla- og frístundasvið til að leggja áherslu á mikilvægi skólahjúkrunarfræðinga.
Samþykkt.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð þakkar fyrir tillögu frá ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um aukna viðveru hjúkrunarfræðinga á skólatíma. Ljóst er að skólahjúkrunarfræðingar sinna mikilvægri þjónustu við nemendur í grunnskólum borgarinnar. Í grunnskólalögum og lögum um heilsugæslu er tiltekið að þjónusta skólahjúkrunarfræðinga sé á ábyrgð heilsugæslunnar á hverjum stað í samvinnu við skólastjóra hvers grunnskóla. Mikilvægt er að hefja samtal við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins með það að leiðarljósi að tryggja að þjónusta skólahjúkrunarfræðinga sé til staðar með fullnægjandi hætti í öllum skólum borgarinnar.

Erindið er hér með sent forsætisnefnd til upplýsinga.

Virðingarfyllst,

Régina Ásvaldsdóttir
Régina Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Afrit:
Hulda Valdís Valdimarsdóttir, verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði.